

Skagafjörður: Bifreiðaverkstæðið á Sleitustöðum í Hólahreppi.
 Siglufjörður: Vélaverkstæðið Neisti.
 Ólafsfjörður: Bílaverkstæði Ólafsfjarðar.
 Dalvík: Bílaverkstæði K.E.A., Dalvík.
 Akureyri: Þórshamar h.f.
 Húsavík: Bílaverkstæði Jóns Þorgrímssonar.
 Kópasker: Bifreiðaverkstæði Kaupfélags Norður-Þingeyinga.
 Vopnafjörður: Umboðsmaður Skeljungs h.f., Ólafur Antonsson.
 Egilsstaðir: Bílav. Gunnar & Kjartan.
 Seyðisfjörður: Vélsmiðjan Stál.
 Norðfjörður: Bifreiðaverkstæði Steypusölunnar h.f.
 Reyðarfjörður: Bifreiðaverkstæðið Lykill.
 Höfn: Vélsmiðjan Neisti.
 Vík: Bifreiðaverkstæði Verzlunarfélags Vestur-Skaftfellinga.
 Vestmannaeyjar: Smurstöð Olíuverzlunar Íslands h.f.
 Hvalsvíllur: Bílaverkstæði Kaupfélags Rangæinga.
 Hella: Bifreiðaverkstæði Kaupfélagsins Þór, Hellu.
 Biskupstungur: Vélþjónusta Björns Halblaub, Norðurbrún í Reykjahverfi.
 Selfoss: Bílaverkstæði Kaupfélags Árnesinga.
 Keflavík: Bifreiðaverkstæði Sérleyfisbila Keflavíkur.
 Hafnarfjörður: Bifreiðaverkstæði Hafnarfjarðar.
 Reykjavík: Egill Vilhjálmsson h.f., Laugavegi 116. Ísarn h.f., Reykjanesbraut 10—12. Kr. Kristjánsson h.f., Suðurlandsbraut 2. Ræsir h.f., Skúlagötu 59. Stilling h.f., Skeifunni 11. Veltir h.f., Suðurlandsbraut 16. Strætisvagnar Reykjavíkur, Reykjavík.

Samgönguráðuneytið, 28. maí 1970.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

REGLUGERÐ

um verkaskiptingu milli félagsmálaráðs og barnaverndarnefndar Reykjavíkur.

1. gr.

Verkaskipting milli félagsmálaráðs og barnaverndarnefndar í Reykjavík er, sem greinir í reglugerð þessari.

2. gr.

Barnaverndarnefnd fer með:

1. Eftirlit með uppeldisstofnunum, svo sem barnaheimilum, vöggustofum, dagheimilum, leikskólum, gæzluvöllum, sumardvalarheimilum, fávitaheimilum fyrir börn og ungmenni o. s. frv., sé eftirlitið ekki falið öðrum samkvæmt sérstökum lögum.
2. Eftirlit með skemmtunum barna og ungmenna.
3. Eftirlit með vinnu barna og ungmenna.
4. Almennt eftirlit um útivist barna.
5. Umsagnir í ættleiðingar- og forræðismálum.
6. Úrskurði um meiri háttar mál, er varða ráðstafanir gagnvart börnum eða forráðamönnum þeirra, sbr. 14. gr. laga um vernd barna og ungmenna.

3. gr.

Félagsmálaráð fer með:

1. Aðstoð við fjölskyldur, þar með talið eftirlit með aðbúð barna og uppeldi á heimilinu og eftirlit með hegðun þeirra utan heimilis.
2. Aðstoð og eftirlit með börnum, sem eru siðferðislega, líkamlega eða andlega miður sín, hafa framið afbrot eða eru á annan hátt á glapstigum.
3. Ráðstöfun í vist eða fóstur og eftirlit með því að öðru leyti en greinir í 2. gr. 6. fl. hér að framan.

4. gr.

Komi upp ágreiningur um skýringar á reglugerð þessari, sker menntamálaráðu-neytið úr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 31/1968, um breytingar á lögum nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna, öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 15. apríl 1970.

Gylfi P. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

12. maí 1970.

Nr. 97.

AUGLÝSING

um að ákvæðum 1. mgr. 28. gr. laga um vörumerki, nr. 47 2. maí 1968, skuli ekki beitt gagnvart þegnum tiltekinna ríkja.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 28. gr. laga um vörumerki, nr. 47 2. maí 1968, hefur ráðuneytið ákveðið, að fengnum yfirlýsingum um gagnkvæma réttarvernd, að ákvæðum 1. mgr. 28. gr. nefndra laga, varðandi skyldu erlendra aðila, sem sækja um að skrásetja vörumerki hér á landi, til að leggja fram vottorð um samsvarandi skrásetningu í heimalandi sínu, skuli ekki beitt gagnvart þegnum Stóra-Bretlands.

Íðnaðarráðuneytið, 12. maí 1970.

Jóhann Hafstein.

Árni Snævarr.

22. maí 1970.

Nr. 98.

REGLUGERÐ

um skráningu og skoðun léttra bifhjóla o. fl.

1. gr.

Létt bifhjól skulu skráð hjá lögreglustjóra í umdæmi því, sem eigandi hjólsins er búsettur í. Eigendaskipti skal tafarlaust tilkynna lögreglustjóra.

Á hverju léttu bifhjóli skulu vera skráningarmerki framan og aftan á hjólinu. Skráningarmerkin skulu vera með hvítum stöfum á rauðum grunni. Hæð stafa skal vera 4,5 cm. Einkennisstafir skulu vera hinir sömu og fyrir bifreiðar, en númer skulu hefjast á tölunni 1 í hverju umdæmi.